

Kristján Einarsson frá Djúpalæk

Afhending 2012/60

Kristján Einarsson frá Djúpalæk var fæddur 16. júlí 1916 að Djúpalæk í Skeggjastaðahreppi.

Kona hans var Unnur Friðbjarnardóttir, f. 11.10.1917 d. 16.8.2010, en henni kynntist hann þegar þau voru við nám á Eiðum, tvítug að aldri.

Kristján og Unnur hófu búskap að Staðartungu í Hörgárdal, en það var æskuheimili Unnar. Kristján heillaðist aldrei af búskap og var það svo að fimm árum seinna, árið 1943, brugðu þau búi og fluttust til Akureyrar. Í lok árs 1949 fluttu þau til Hveragerðis, en þar blómstraði listamannamenning á þeim tíma. Þá var Kristján orðinn þekkt ljóðskáld og dægurlagahöfundur.

Því miður, eins og hjá fleiri listamönnum, þá dugði skáldskapurinn ekki til að halda uppi fjölskyldu og þurfti Kristján því að taka að sér hin ýmsu störf í gegnum árin, sem honum þó líkuðu misvel. Á Akureyri vann hann ýmis verksmiðjustörf og eftir að þau fluttu suður þá vann hann við kennslustörf í barnaskólum, garðyrkju og húsamálun svo eitthvað megi nefna.

1961 flytja þau hjónin með son sinn aftur norður til Akureyrar og bjuggu þar út ævina. Kristján lést þann 15. apríl 1994.

Aðrar afhendingar frá sama skjalamyndara eru nr.:

24, 129, 191, 214, 240, 780, 2006/10 og 2007/68

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

27. janúar 2025

Þuríður Jóna Steinsdóttir

Skjalavörður

Geymsluskrá

2012 / 60

Skjalaf. Askja Örk Tímabil Efni**A-Kristján Einarsson****A-Kristján Einarsson****1941 - 1990**

A	1	1	1941 - 1941	Frumhandrit að fyrstu ljóðabók Kristjáns, Frá nyrztu ströndum.
A	1	2	-	Ég var myrtur. Frumhandrit að minningarkafli Kristjáns, birtist í blaðinu Því gleymi ég aldrei.
A	1	3	1987 - 1990	Fjögur handskrifuð bréf sem Kristján skrifaði Kristjáni syni sínum á meðan síðarnefndur var við nám í Skotlandi.
A	1	4	1980 - 1985	Handrit að úrvali óbundins máls Kristjáns ásamt úrklippum úr Verkamanninum og Degi af greinum eftir K.f.D sem hann ætlaði sér að nota í bókina Á sjónskífunni. Kristjáni vannst ekki aldur til að ganga endanlega frá þessu efni.